

Skapandi sumarstörf í Langanesbyggð

Sumarið 2024

Verkefnastjóri: Starkaður Sigurðarson

Skýrsla



Sumarið 2023 fór Langanesbyggð af stað með verkefnið Skapandi sumarstörf í Langanesbyggð og auglýsti eftir 2-3 hæfileikaríkum einstaklingum á aldrinum 16-24 ára sem langaði að vinna að sínum eigin verkefnum. Starfið var og er hugsað fyrir skapandi einstaklinga sem vilja efla listsköpun sína sem og menningarlífið í sveitarfélaginu. Með því gefst hæfileikaræiku ungu fólki að vinna að sínum skapandi verkefnum, í hvaða formi sem þau eru t.d. leiklist, hönnun, myndlist, dans, ljósmyndun, ritverk o.fl.

Þetta árið var verkefnið í 6 vikur, en var bara 4 vikur fyrsta sumarið. Eins og árið áður þá endaði verkefnið í sýningu á Bryggjudögum.

Í þessari skýrslu koma fyrst fram helstu punktar sem er hægt að taka úr verkefninu þetta árið, en því fylgir síðan yfrigripsmeiri lýsing á verkefninu.

Þáttakandi sumarstarfsmenn 2024: Berghildur Ösp Júlíusdóttir og Heiðar Atli Einarsson

Það sem tókst vel:

- Það sóttu fleiri um stöðuna núna en árið áður, 2 tóku þátt í verkefninu núna (en 1 í fyrra).
- Frábært að geta lengt tímabilið í 6 vikur (upp frá 4 í fyrra).
- Báðir þáttakendur voru mjög sjálfstæðir og áhugasamir og unnu sína vinnu vel.
- Berghildur Ösp sótti um í annað sinn og gat þar af leiðandi haldið áfram og þróað vinnu sína frá því árinu áður.
- Samstarf við grunnskólann gekk vel.
- Bæði Begga og Heiðar Atli settu fram flotta sýningu á sínum verkum í íþróttahúsinu á Bryggjudögum. Margir sóttu sýninguna, fleiri en í fyrra. En þar sem sýningin var í íþróttahúsinu þá voru margir sem sáu sýninguna á leið þeirra um Bryggjudaga viðburði.
- Verkefnið er að spyrjast út. Það má auðvitað auglýsa það betur, en í heildina er þetta frábært verkefni sem gefur þáttakendum tækifæri til að sinna því sem þeim finnst virkilega áhugavert. Það er alveg ómetanlegt, tækifæri sem gefst ekki oft.

Það sem má skoða/gera betur:

- Auglýsa verkefnið fyrr á árinu. Þetta var markmiðið í fyrra líka en það má vera enn fyrr. Sumarstörfín voru auglýst 10. apríl og staðfesting á hvernig sumarið myndi líta út var um 18. maí. En vinnutíminn var frá 10. júní - 20. júlí. Það væri gott að auglýsa verkefnið í mars ef hægt er, þar sem unga fólkið er að skipulegja sumarið sitt/sumarvinnu/ur í kringum þann tíma skilst mér.
- Skipuleggja betur þrif á skólanum. Eins og verkefnið er sett upp núna klára þáttakendur sína vinnu á sýningardegnum, og það er tæknilega ekki inni í þeim tímaramma að taka til eftir sig. Þáttakendur þurfa alltaf að mæta eftir Bryggjudaga helgina og taka til. Það mætti því gefa þeim einn dag, t.d. mánudaginn eftir Bryggjudaga, sem tiltektardag þar sem þau væru ennþá í vinnunni.
- Það getur reynst erfitt að finna góðan stað til að sýna verk þáttakanda. Enginn tiltekin staður er til fyrir svona sýningar. Það var gott að hafa sýninguna á sama stað og megin dagskrá Bryggudaga átti sér stað en ekki „fullkominn“ sýningarstaður fyrir verk þáttakanda. T.d. var Begga með vídeóverk sem snérist að miklu leyti um hljóð en það voru mikil læti í íþróttahúsinu og gat það truflað verkið hennar. Það væri áhugavert að skoða það í sameiningu og hafa staði í huga fyrr í ferlinu. (Auðvitað fer það líka eftir verkum þáttakanda og þeirra hugmyndum um sýninguna.)
- Það þarf að hafa efniskostnað fyrir þáttakendur. Annaðhvort væri hægt að gefa þáttakendum beint efniskostnað, t.d. 30.000kr á mann, til að geta keypt efni og brugðist við hugmyndum sem koma í ferlinu. Eða þá að verkefnastjóri gæti verið með einhverja ákveðna upphæð sem væri hægt að nota í verkefnið til að standa straum af kostnaði sem kemur upp á verkefnistímabilinu.

Um verkefnið:

Starfið er mótað að áhugasviði einstaklingsins og er starfið að mestu leyti sjálfstætt en munu þátttakendur fá leiðsögn frá verkefnastjóra ásamt reglulegum stöðufundum.

Starfshlutfall í samkomulagi við umsækjendur allt að 100% og vinnutíminn getur verið sveigjanlegur.

Sveitarfélagið skaffar aðstöðu ef við á.

Þetta er þróunarverkefni með það að markmiði að gefa skapandi einstaklingum í samfélaginu okkar tækifæri á að vinna að listsköpun sinni og um leið efla menningarstarfið á einn eða annan hátt, t.d. með sýningu á Bryggjudögum.

Umsækjendur skila inn kynningarbréfi um sig, áhugasvið sín og gera grein fyrir þeim hugmyndum og verkefnum sem umsækjandi vill vinna að í sumar.

Verkefnastjóri er Starkaður Sigurðarson. Hann mun vera ráðgefandi ásamt því að hafa milligöngu um faglegar ráðleggingar ef við á. Starf verkefnastjóra er, sem viðmið, 20% starf yfir tímabilið, sem var í þetta skiptið 6 vikur.

Starkaður Sigurðarson og aðalmaður í Atvinnu- og nýsköpunarnefnd LNB fara yfir umsóknir og hafa umsjón með verkefninu og þróun þess.

Launin eru sambærileg og hjá eldri ungmennum í sumarstarfi áhaldahúss.

Með þessu verkefni viljum við efla menningarstarf í Langanesbyggð og gera ungmennum sveitarfélagsins kleift að vinna að listum sínum og miðla til annara.

Á næsta ári, 2025, bjóðum við aftur ungu hæfileikaríku fólki á aldrinum 16-24 ára að vinna að sínum verkefnum og er stefnt að því að hafa verkefnið í 6-7 vikur í júní og júlí sem lýkur svo á Bryggjudögum þar sem þátttakendur geta sýnt afrakstur verkefnisins.

Framkvæmdin:

Tvær umsóknir bárust og var það Berghildur Ösp Júlíusdóttir (annað árið í röð, sem er frábært), og Heiðar Atli Einarsson.

Bæði Berghildur og Heiðar Atli fengu aðstöðu í Grunnskólanum á Þórshöfn og unnu þar að verkum sínum undir leiðsögn Starkaðar Sigurðarsonar verkefnastjóra.

Bæði voru þau mjög sjálfstæð og unnu vel. Begga hélt áfram að gera tilraunir í málverkinu en var líka að taka upp myndefni og búa til hljóð og hljóðsetningar. Heiðar var að búa til hnífa og gaman var að geta verið honum innan handar og kynnst því sem hann var að fást við. Sem verkefnastjóri gat ég líka kynnt honum fyrir ýmislegum tólum og aðferðum sem hann hafði ekki notast við áður. Hann var afkastamikill og áhugasamur.

Sýningin kom mjög vel út, Berghildur sýni málverk og tvö vídeóverk sem hún vann að öllu leyti sjálf. Heiðar Atli sýndi um 10 mismunandi hnífa og sverð sem hann vann að öllu leyti sjálfur.

Bæði Begga og Heiðar Atli sögðust vera áhugasöm um að sækja aftur um að ári.

Hvað mátti betur fara?

Umsóknarfrestur hefði mátt vera lengri og starfið auglýst fyrr.

Gott væri að skilgreina betur tímalínu fyrir verkefnastjóra og þáttakandi listamenn til að minnka stress á loka metrunum, t.d. við það að setja upp sýningu.

Eins og við ræddum í fyrra þá mætti Langanesbyggð auglýsa verkefnið betur á sínum miðlum og þá með sérstakri merkingu eða útliti. Það væri t.d. áhugavert að fá grafískan hönuð til að gera lítið lógo sem væri hægt að nota fyrir Skapandi sumarstörfin og í kynningarefni. Það þarf kannski líka að fara yfir hver sér um það að auglýsa verkefnið á síðum Langanesbyggðar.

Hugsanlega væri gott að setja saman Facebook síðu/instagram fyrir verkefnið?

Skapandi sumarstörf 2025, tillaga:

Byrja að auglýsa verkefnið eigi síðar en í mars 2025. Verkefnið verður í 6-7 vikur frá byrjun júní og fram að bæjarhátíðinni Bryggjudögum.

Stefnum á að setja saman merkingu/„look“ fyrir verkefnið í byrjun árs 2025. Reyna að auglýsa síðan á sem flestum miðlum sem unga fólk er að nota. Berghildur er t.d. til í að áframsenda/deila auglýsingu okkar á næsta ári.

Efniskostnaður í boði fyrir þáttakandi listamenn. Tiltekna upphæð, kannski 30.000kr sem þáttakendur geta notað sérstaklega í kaup á efni og kemur ekki út launum þeirra. Til dæmis þurfti Heiðar Atli að nota gott lím en vissi ekki sjálfur hvað átti að kaupa eða hvert ætti að leita (og við viljum auðvitað ekki ganga í byrgðir sem skólinn á, það er ekki þeirra að skaffa því þótt þáttakendur séu að nota tæki þeirra, t.d.). Besta lausnin þar var sennilega að verkefnastjóri sæi um að kaupa límið (eða hvað sem vantar) og koma því á staðinn. Þar sem þáttakendur nota verkstæðið í grunnskólanum þá þarf líka oft að endurnýja eitthvað sem þáttakendur voru að nota mikið, sagarblöð, sandpappír, og þess háttar. Aftur á móti í tilviki Beggu þá veit hún alveg hvað hún þarf og sér alveg sjálf um allt sitt. En þetta er eitthvað sem má ræða.

Berghildur benti á að það væri sterkur leikur að hafa hópsspjall (Messenger) í boði fyrir alla þáttakendur til að stilla saman strengi hvað varðar notkun á stúdíói t.d. Begga og Heiðar Altí voru með slíkt á tímabilinu.

Skoða þarf að fá lykklahús á inngang í smíðastofu í skólanum þannig að ef fleiri en einn er að nota stofuna sem stúdíó þá er einfalt að komast inn.